

Til stuðnings kröfum sínum hefur stefnandi lagt fram reikning frá sameignarfélaginu Rafvirkjanum á stefnda að fjárhæð kr. 368.06, en þar eð hann hefur ekki sýnt fram á heimild sér til handa til heimtu reiknings þessa, þykir verða að vísa máli þessu ex officio frá dómi. — Málskostnaður fellur niður.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.
Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. maí 1949.

Kærumálið nr. 11/1949.

**Pétur Hjartarson og Guðrún Þórunn
Eggertsdóttir**
gegn
Jóni Jónassyni.

Frávísunardómur héraðsdóms staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. f. m., sem hingað barst 28. s. m., hafa sóknaraðiljar samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 11. apríl sl., þar sem máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja var vísað frá dómi. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og varnaraðili dæmdur til greiðslu kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðiljar greiði in solidum varnaraðilja kr. 250.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Pétur Hjartarson og Guðrún Þórunn

Eggertsdóttir, greiði in solidum varnaraðilja, Jóni Jónassyni, kr. 250.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1949.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 4. þ. m., hafa Pétur Hjartarson og Þórunn Eggertsdóttir, bæði til heimilis að Mávahlíð 9 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 10. marz sl., gegn Jóni Jónassyni, Mávahlíð 9 hér í bænum.

Hafa stefnendur gert þessar dómkröfur: að siðargreindur úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur verði úr gildi felldur að því leyti, sem hann gerir stefnanda Pétri Hjartarsyni skylt að rýma íbúð sína að Mávahlíð 9; að viðurkennt verði, að leigusamningur stefnanda Péturs Hjartarsonar við stefnda frá 2. október 1948 sé áfram í gildi með þeim breytingum á fjárhæð leigunnar, sem leiðir af úrskurði húsaleigunefndar frá 2. febrúar 1949; að synjað verði kröfum stefnda um, að stefnendum skuli skylt að víkja úr íbúðinni að Mávahlíð 9; að stefnda verði gert að greiða stefnendum málskostnað að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður stefnenda þá kröfu, að málskostnaður yrði dæmdur umbjóðendum hans við væntanlegan efnisdóm í málinu, en krafðist ekki sérstaklega málskostnaðar í þessum hluta þess.

Stefndi hefur krafizt, að málinu verði vísað frá dómi, og málskostnaðar sér til handa.

Mál þetta hefur verið sótt og varið, aðeins að því er varðar frávisunar-kröfu stefnda, og hefur nú verið tekið til dóms eða úrskurðar um það atriði.

Tildrög málsins eru þau, sem hér greinir: Með samningi, dags. 2. okt. 1948, tók stefnandi Pétur Hjartarson á leigu af stefnda íbúð í kjallara hússins nr. 9 við Mávahlíð. Býr Pétur í þessari íbúð ásamt sambýliskonu sinni, stefnandi Þórunni Eggertsdóttur. Stefndi býr einnig í kjallara hússins í einu herbergi. Með bréfi til húsaleigunefndar Reykjavíkur, dags. 9. febrúar 1949, óskaði stefndi þess, að stefnendum yrði með úrskurði nefndarinnar gert að rýma leiguíbúð sína sökum framkomu þeirra gagnvart honum. Úrskurður nefndarinnar féll hinn 7. marz sl. og var á þá lund, að stefnandanum Pétri var gert að rýma íbúðina, en stefnandi Þórunni hins vegar talið heimilt að búa þar áfram. Að fengnum úrskurði húsaleigunefndar snéri stefndi sér til borgarfégetans í Reykjavík með beiðni um, að stefnendur yrðu bornir út úr íbúð sinni með beinni fégetagerð. Bréf þetta barst fégeta 12. marz sl., en útburðarmálið var fyrst tekið fyrir í fégetadómi 14. s. m.

Stefndi byggir kröfu sína um vísun máls þessa hér frá dómi á því, að

áðurgreint útburðarmál, sem fjalli um sama efni og mál þetta, sé nú rekið fyrir fógetadómi og hafi verið tekið þar til meðferðar, áður en mál þetta var þingfest hér.

Stefnendur byggja kröfur sínar um, að frávísunarkröfunni verði hrundið, á því, að stefna sé út gefin í máli þessu, áður en útburðarmálið var tekið til meðferðar í fógetadómi og áður en beiðni um útburðargerðina barst fógeta. Hafa stefnendur í þessu sambandi bent á, að samkvæmt 103. gr. laga nr. 85 frá 1936 sé mál talið höfðað við birtingu sátta-kæru eða stefnu, en stefna í máli þessu hafi verið birt 10. marz sl. Af þessu leiði, að vísa beri útburðarmálinu frá fógetadómi. Hafa stefnendur haft þar uppi kröfu um frávísun.

Eins og áður er rakið, var útburðarmál stefnda á hendur stefnendum tekið til meðferðar í fógetadómi 14. marz sl., en bæjarþingsmál þetta þingfest 17. s. m. Með vísun til 3. mgr. 104. gr. einkamálalaganna ber því að vísa máli þessu hér frá dómi, enda hafa kröfur stefnda fyrir fógetadómi ekki sætt frávísun.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 16. maí 1949.

Nr. 149/1948. **Réttvísin og valdstjórnin** (Magnús Thorlacius)
gegn

Ólafi Þóri Hansen og Sigurði Kristjáni Krist-
inssyni (Kristján Guðlaugsson)

og

Réttvísin (Magnús Thorlacius)

gegn

Ingiberg Kvist Sigurgeirssyni

(Kristján Guðlaugsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Þjófnaður. Fjársvik. Ólögleg áfengisneyzla.

Dómur Hæstaréttar.

Dómur í sakamáli gegn ákærðu var kveðinn upp 14. maí